

Ágæti nýnemi við Lyfjafræðideild,

Hér eru nokkur hagnýt atriði sem mikilvægt er að hafa á hreinu fyrir upphaf námsins:

Kennsla hefst mánudaginn 23. ágúst kl. 08:20. Klukkan 13:20 fer fram fyrsti tími í námskeiðinu LYF110G Öryggisnámskeið fyrir rannsóknarstofur í stofu 201 í Árnagarði.

**Athugið að það námskeið er eingöngu kennt í fyrstu kennsluvikunni og skyldumæting er í alla tíma námskeiðsins.**

**Mjög mikilvægt er að nemendur verði búnir að úthluta sér aðgangi að Uglu þegar kennsla hefst:** Þegar skrásetningargjald hefur verið greitt þá getur þú úthlutað þér **notandanafni og lykilorði** að Uglu (innra neti HÍ) ef þú ert ekki nú þegar með aðgang. Kennarar námskeiða og starfsfólk HÍ hafa samband við nemendur í gegnum háskólanetföng. Því er mjög mikilvægt að fylgjast vel með sínu háskólanetfangi.

Aðganginn úthlutar þú þér með því að skrá þig inn á umsóknarsíðuna þína („Yfirlit umsókna“) með netfanginu og lykilorðinu sem þú bjóst til við skráningu í [samskiptagátt Háskóla Íslands](#).

Drög að stundaskrá má sjá [hér](#) en **um leið og kennsla hefst gildir stundaskrá í Uglu.**

### Kynningarfundur Lyfjafræðideildar með nýnemum

Fundur með nýnemum í Lyfjafræðideild verður haldinn mánudaginn 23. ágúst kl. 12:30 í Árnagarði, stofu 201. Á fundinum verða kynnt mikilvæg atriði varðandi nám í Lyfjafræðideild HÍ. **Mikilvægt er að mæta á þennan fund og ástunda námið af kappi frá fyrsta skóladegi.**

Nemendafélag lyfjafræðinema, Tinktúra, hefur búið til hóp á facebook fyrir nýnema og eruð þið hvött til að skrá ykkur í hópinn [“1. árs lyfjafræðinemar 2021-2022”](#)

### Nýnemamóttaka Heilbrigðisvísindasviðs

Allir nýnemar sem hefja nám á Heilbrigðisvísindasviði HÍ haustið 2021 eru hvattir til þess að mæta á [nýnemadag Heilbrigðisvísindasviðs](#) 3. september kl. 14.00 (staðsetning auglýst síðar). Nemendum er þar boðið á kynningu um allar námsbrautir á sviðinu og þá þjónustu sem er aðgengileg nemendum Háskóla Íslands. Kynningunni lýkur með móttökuhófi í boði Sviðsráðs Heilbrigðisvísindasviðs þar sem hópurinn er hristur saman með léttum veitingum og tónlist.

Vertu velkomin(n) til náms við Lyfjafræðideild Háskóla Íslands,  
Guðrún Ösp Sigurmundadóttir, verkefnastjóri kennslumála